

# VIÐBRAGÐSÁÆTLUN TÓNLISTARSKÓLA EYJAFJARÐAR

## VEGNA EINELTIS, KYNFERÐISLEGRAR ÁREITNI, KYNBUNDINNAR

### ÁREITNI OG OFBELDIS

*Stefnan og viðbragðsáætlunin varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi aðra ótilhlýðilega hegðun. Viðbragðsáætlunin er hluti af virkri vinnuvernd til að tryggja öryggi og vellíðan starfsfólks og nemenda Tónlistarskóla Eyjafjarðar.*

Starfsfólk Tónlistarskóla Eyjafjarðar sýnir samstarfsfólki sínu, nemendum og forráðamönnum ávallt kurteisi og virðingu í samskiptum, hvort heldur er á vinnustaðnum eða utan hans.

Rík áhersla er á samvinnu, vellíðan á vinnustað, öryggi, þróun í starfi og jafnrétti.

Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi eru undir engum kringumstæðum umborin í skólastarfi og starfsstöðvum Tónlistarskóla Eyjafjarðar.

Allt starfsfólk á rétt á vinnuumhverfi þar sem hættan á einelti, kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi er ekki til staðar og öllum slíkum tilfellum mætt af festu og fagmennsku.

Það er á ábyrgð alls starfsfólks á vinnustað að móta jákvæðan starfsanda og gott vinnuumhverfi.

Erfitt getur reynst að greina einelti eða áreitni á vinnustað, ekki síst ef það hefur viðgengist í nokkurn tíma. Mikilvægt er því að vera vakandi fyrir vísbendingum um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustaðnum og líta ekki undan þegar þeirra verður vart, heldur bregðast við, taka afstöðu og bjóða fram aðstoð. Með því móti styður starfsfólk hvert annað og gefur skilaboð um samstöðu.

Tónlistarskóli Eyjafjarðar skal sjá til þess að allt starfsfólk og stjórnendur fái reglulega fræðslu um einelti og ofbeldi á vinnustöðum og leiðir til að bregðast við og koma í veg fyrir það.

Öryggistrúnaðarmaður sinnir vinnuvernd á vinnustaðnum í samvinnu við skólastjórnendur.

Saman fylgjast þeir með því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað séu í samræmi við vinnuverndarlög og þær reglur sem vinnustaðurinn hefur sett sér.

## **EINELTI**

Einelti er sí-endurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

Einelti getur tekið á sig ýmsar myndir t.d:

- Að starf, hæfni eða verk starfsmanns eru lítilsvirt.
- Að draga að ástæðulausu úr ábyrgð og verkefnum.
- Að gefa ekki nauðsynlegar upplýsingar.
- Síendurtekin, ómálefnaleg gagnrýni.
- Rógur eða útilokun frá félagslegum samskiptum.
- Að skamma starfsmann í starfi eða gera hana að athlægi.
- Fjandskapur eða þögn þegar spurt er eða fitjað er upp á samtali.
- Lítilsvirðandi texti í tölvupósti eða öðrum skriflegum sendingum.
- Óþægileg stríðni.
- Niðurlægjandi athugasemdir vegna, aldurs, kynferðis, kynhneigðar, uppruna eða annarra persónulegra þátta.
- Þöggun.

## **KYNBUNDIN OG KYNFERÐISLEG ÁREITNI OG OFBELDI**

Kynbundin og kynferðisleg áreitni getur bæði verið andlegt eða hreinlega líkamlegt ofbeldi.

Upplifun þess sem fyrir slíkri hegðun verður getur verið mjög misjöfn og er hún mælikvarðinn á alvarleika ofbeldisins. Kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og/eða ofbeldi einkennist oft af misnotkun á valdi eða stöðu, andlegri kúgun og að sjálfsvirðingu einstaklingsins er misboðið, framkomu sem ætlað er að knýja einstaklinga til undirgefni og gera lítið úr þeim, endurtekinni áreitni og niðurlægingu fyrir þann sem fyrir áreitninni verður og hefur neikvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu hans.

## **KYNBUNDIN ÁREITNI**

Kynbundin áreitni er hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

## **KYNFERÐISLEG ÁREITNI**

Kynferðisleg áreitni er hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

## **OFBELDI**

Ofbeldi er hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis.

Kynferðislegt ofbeldi er brot sem lýst er refsivert í XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Mál sem varða við almenn hegningarlög skal tilkynna til lögreglu.

## VIÐBRAGÐSÁÆTLUN

Fara skal eftir eftirfarandi viðbragðsáætlun í öllum tilvikum þar sem grunur er um að einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni, ofbeldi eða önnur ótilhlýðileg hegðun eigi sér stað eða hafi átt sér stað í Tónlistarskóla Eyjafjarðar.

Mikilvægt er að brugðist sé við hið fyrsta í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að hegðunin endurtaki sig og koma þannig í veg fyrir frekari skaða.

Viðbragðsáætlun skal virkjuð:

-verði stjórnendur varir við hegðun eða ágreining í samskiptum nemenda og/eða

starfsfólks sem vekur grunsemdir um að einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni, ofbeldi eða önnur ótilhlýðileg hegðun sé til staðar í skólanum.

-verði starfsfólk vart við hegðun eða ágreining í samskiptum nemenda og/eða starfsfólks sem vekur grunsemdir um að einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni, ofbeldi eða önnur ótilhlýðileg hegðun sé til staðar í skólanum.

-berist stjórnendum eða öðru starfsfólki kvörtun frá nemanda eða starfsmanni um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi eða aðra ótilhlýðilega hegðun í skólanum.

-berist ábending um að nemandi hafi orðið fyrir einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi eða annarri ótilhlýðilegri hegðun í skólanum.

Strax er metin þörf þolanda fyrir bráðan stuðning og hann veittur. Þolandi getur kosið að segja sögu sína sem er þá skráð niður af stjórnanda eða þeim sem viðtalið tekur. Einnig getur þolandi skilað inn skjali þar sem eineltinu eða áreitninni ásamt sögu máls og atburðum er lýst. Ekki er hægt að taka á einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða ofbeldi nema með samþykki meints þolanda. Sá einstaklingur sem þolandi hefur samband við ákveður því í fullu samráði við þolandann hvert framhaldið verður en hægt er að velja á milli óformlegrar eða formlegrar málsmeðferðar.

Haft er samband við forráðafólk ef mál varða nemendur sem eru yngri en 18 ára.

## **SAMSKIPTAVANDI Á VINNUSTAÐ**

### **VIÐBRÖGÐ STJÓRNENDA**

Verði stjórnendur varir við einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi eða aðra ótilhlýðilega hegðun eða hafa rökstuddan grun um að framangreind hegðun eigi sér stað innan skólans ber að bregðast við án tafar í því skyni að koma í veg fyrir að slík hegðun endurtaki sig. Skal stjórnandi þá virkja viðbragðsáætlun þessa.

Sé stjórnandi gerandi í málinu skal málið tekið upp við trúnaðarmann starfsfólks og skólanefnd.

### **TILKYNNING STARFSFÓLKIS**

Verði starfsfólk vart við einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi eða aðra ótilhlýðilega hegðun eða hefur rökstuddan grun um að framangreind hegðun eigi sér stað innan skólans ber að bregðast við með því að koma á framfæri kvörtun eða ábendingu til trúnaðarmanns starfsfólks eða stjórnenda skólans.

Starfsfólk sem tilkynnir skal jafnframt vera reiðubúið að skýra mál sitt nánar.

### **SKRÁNING OG MEÐFERÐ UPPLÝSINGA**

Skólastjórnendur og/eða utanaðkomandi ráðgjafi skulu skrá niður allt sem tengist meðferð máls og halda hlutaðeigandi starfsfólki upplýstu á meðan á málsmeðferð stendur. Öll gögn er verða til við málsmeðferð eru trúnaðarmál og verða vistuð á aðgangsstýrðu svæði og farið með í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

### **MÁLMEÐFERÐ**

Þegar tilkynnt er um einelti, áreitni eða ofbeldi fer af stað ferli þar sem tvær leiðir eru færar. Annars vegar er hægt að grípa til óformlegra aðgerða, sem ættu ávallt að vera fyrstu viðbrögð. Hins vegar er hægt að grípa til formlegra aðgerða þar sem fenginn er utanaðkomandi aðili til þess að stýra ferlinu. Skólastjórnendur í samvinnu við málsaðila velja hvor leiðin er farin.

Áður en málsmeðferð hefst skulu skólastjórnendur upplýsa aðila máls að mál þeirra muni verða tekið til meðferðar. Tryggja skal að hlutaðeigandi starfsmönnum sé gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og að jafnan sé rætt við einn aðila máls í senn. Athugun á málsatvikum skal fela í sér viðtal við ætlaðan þolanda, ætlaðan geranda, vitni eða aðra þá sem veitt geta upplýsingar sem skýra málsatvik.

Meðan athugun fer fram skulu skólastjórnendur grípa til ráðstafana sem tryggja að ætlaður þolandi og ætlaður gerandi þurfi ekki að hafa samskipti er varðar starfsemi skólans, svo sem með breyttri vinnutilhögun.

Við meðferð allra mála skal sýna varfærni og nærgætni í aðgerðum með virðingu og einkahagi hlutaðeigandi starfsmanna í huga, meðal annars með því að veita ekki óviðkomandi aðilum upplýsingar um mál og tryggja að utanaðkomandi aðilar sem kunna að koma að meðferð máls geri slíkt hið sama.

## **ÓFORMLEG MÁLSMEÐFERÐ**

Skólastjórnendur leita upplýsinga hjá bæði þolanda og geranda í sitthvoru lagi og jafnframt rætt við aðra málsaðila ef þörf krefur. Bæði þolendur og gerendur skulu njóta aðstoðar skólastjórnenda við að leysa málið, auk þess skuli meta þörf fyrir utanaðkomandi aðstoð. Sé stjórnandi gerandi í málinu skal málið vera í höndum trúnaðarmanns starfsfólks og skólanefndar. Aðrir en þeir sem málið varðar eru ekki upplýstir um málið.

## **FORMLEG MÁLSMEÐFERÐ**

Fenginn er utanaðkomandi og sérhæfður ráðgjafi sem framkvæmir hlutlausu athugun á málsatvikum og safnar viðeigandi gögnum. Skólastjórnendur eru ábyrgir fyrir formlegri málsmeðferð og fylgja eftir framgangi málsins. Gæta skal að því að skrá allt niður sem tengist meðferð málsins og halda hlutaðeigandi aðilum upplýstum á meðan á meðferð málsins stendur. Fundin verður lausn sem getur m.a. falið í sér breytingu á vinnustað, vinnubrögðum eða vinnuskipulagi á meðan málsmeðferð stendur. Ef einelti, áreitni eða ofbeldi er staðfest að lokinni athugun fær gerandi skriflega áminningu og gæti verið sagt upp starfi eftir alvarleika

máls. Láti gerandi ekki segjast og viðheldur hegðun sinni leiðir það til uppsagnar í starfi. Þolanda og geranda er boðin sálfræðistuðningur eða önnur viðeigandi aðstoð eftir því sem þörf krefur. Ef þolandi hefur veikst vegna eineltisins, áreitninnar eða ofbeldisins og farið í tímabundið veikindaleyfi stuðlar Tónlistarskóli Eyjafjarðar að endurkomu hans aftur til starfa. Þegar stjórnendur og sérhæfður ráðgjafi líta svo á að málinu sé lokið af hálfu Tónlistarskóla Eyjafjarðar skal viðkomandi upplýsa hlutaðeigandi starfsmenn um að svo sé. Óski hlutaðeigandi starfsmenn eftir því að fá skriflega staðfestingu á að málinu sé lokið af hálfu skólans skal orðið við þeirri beiðni, berist hún skriflega innan sex mánaða frá því að upplýst var um málalok.

## **EFTIRFYLGNI**

Málum er fylgt eftir eftir óháð því hvort óformleg eða formleg leið var farin og rætt við aðila þess að ákveðnum tíma liðnum ásamt því að fylgst verður með samskiptum aðila málsins. Eftirfylgni miðar að því að tryggja bætta líðan málsaðila og koma í veg fyrir að einelti, áreitni eða ofbeldi endurtaki sig. Eftirfylgni felst meðal annars í því að fylgjast með líðan og félagslegri stöðu geranda og þolanda, veita geranda og/eða þolanda viðeigandi hjálp, meta árangur inngrips og endurskoða inngripið ef ástæða þykir til.

## **MÁLALOK**

Áður en málinu er lokið skal bera skýrsluna undir ætlaðan þolanda og ætlaðan geranda. Í skýrslu skulu koma fram málsatvik, hvaða upplýsinga var aflað og niðurstöður máls sem allir málsaðilar þurfa svo að staðfesta með undirritun sinni.

## **FORVARNIR**

Með forvörnum er lögð áhersla á að skapa aðstæður og vinnustaðamenningu sem eykur vellíðan starfsfólks, nemenda og forráðamanna og tryggir öryggi þeirra.

Áhættuþættir í vinnuumhverfi eru greindir og líðan á vinnustað mæld. Stjórnendur eru þjálfaðir í móttöku tilkynninga af þeim toga sem falla undir viðbragðsáætlun þessa og starfsfólki kynnt áætlunin, einkenni og afleiðingar og verkferlar á starfsdögum á hverju hausti.

Stjórnendur þurfa að þekkja þau úrræði sem standa starfsfólki til boða í málum eins og þeim sem áætlunin tekur á og sækja endurmenntun og ráðgjöf í starfi sínu sem stjórnendur.

Áhættumat sálfélagslegra þátta skal ávallt endurskoðað í kjölfar þess að viðbragðsáætlun er virkjuð án tillits til hver niðurstaðan málsins var og úrbætur gerðar á grundvelli þess.

Viðbragðsáætlun þessa skal endurskoða árlega.

Viðbragðsáætlun þessi er sett á grundvelli Reglugerðar um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015.

*Tónlistarskóli Eyjafjarðar 30. ágúst 2023*